



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudagurinn 25. júní 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 25. júní, 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Ragnar Ingi Tómasson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann ritaði einnig fundargerð.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Kosning formanns

Tillaga kom um Þórð Pálsson og var hann kjörinn með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.

Tók nú Þórður við fundarstjórn.

2. Erindi frá Hjörleifi Júlíussyni sem sækir um leyfi til að klæða hús sitt við Mýrarbraut 23 að utan.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar berist og leitað verði skriflegs leyfis næstu nágranna.

3. Erindi frá S.A.H. Atli Gunnar Arnórsson hjá Stoð ehf. verkfræðistofu, sækir um leyfi til að setja upp mænisglugga á réttarhús og til rifa á tveimur skorsteinum á skrifstofuhúsi. Húsin eru bæði við Húnabraut 39.

Afgreiðsla: Erindi um mænisglugga er samþykkt með þeim fyrirvara að teikningar berist. Erindi vegna rifa á skorsteinum er samþykkt. Sigurður Jóhannesson sat hjá við afgreiðslu þessa liðar og vék á fundi.

4. Erindi vegna staðsetningar gáms við höfnina. Ívar Snorri Halldórsson óskar eftir að fá að staðsetja 40 feta gám við höfnina. Bæjarráð tók jákvætt í erindið en vísar því til umfjöllunar í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt og skal staðsetja gáminn við varnargarð í samstarfi við starfsmann bæjarins.

5. Erindi vegna veitingahúss að Norðurlandsvegi 4. Björn Þór Kristjánsson fyrir hönd Dýhóls ehf. óskar eftir úttekt að Norðurlandsvegi 4 þar sem veitingastarfsemi er áætlað að hefjist 16. júní.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra er falið að gera lokaúttekt á húsnæðinu. Byggingarnefnd áréttar að í grenndarkynningu var kynnt Ölstofa en ekki veitingarhús.

6. Erindi frá Birni Þór Kristjánssyni fyrir hönd Dýhólls ehf. Sækir um leyfi til að breyta opnun hurðar á snyrtingu fatlaðra að Norðurlandsvegi 4.

Afgreiðsla: Nefndin frestar afgreiðslu erindisins þar til dagréttar teikningar liggja fyrir.



- 7. Umsögn leyfis samkvæmt lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði.** Óskað er umsagnar um leyfisumsókn ferðapjónustunnar á Geitaskarði ehf. til að reka gistingu á einkaheimili.
Afgreiðsla: Nefndin felur byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra að taka út húsnæðið og veita umbeðna umsögn.
- 8. Erindi frá íbúum að Skúlabraut 27.** Íbúar óska eftir leyfi til að setja upp gervihnattadisk á húsið.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 9. Umsögn vegna leyfis samkvæmt lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði.** Óskað er umsagnar um leyfisumsókn til að reka veitingahús að Norðurlandsvegi 4 á Blönduósi.
Afgreiðsla: Nefndin felur byggingarfulltrúa og slökkviliðstjóra að gera úttekt á húsnæðinu og veita umsögn. Nefndin ítrekar að í grenndarkynningu var fjallað um ölstofu en ekki veitingarhús.
- 10. Erindi frá Ámundakinn ehf. Efstubraut 1.** Aðaluppdráttur dagsettur 2007 og eignaskiptasamningur.
Afgreiðsla: Aðaluppdráttur er staðfestur og eignaskiptasamningurinn kynntur.
- 11. Erindi frá Halli Hilmarssyni og Elínu Jónsdóttur.** Þau sækja um leyfi til að byggja sólpall við hús sitt að Brekkubyggð 9 samkvæmt teikningu.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið enda liggi fyrir samþykktir næstu nágranna skriflegt.
- 12. Erindi frá Guðmundi Grétarssyni og Valgerði Gísladóttur** sem sækja um leyfi til að byggja sólpall við hús sitt að Heiðarbraut 5.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir gerð sólpalls enda berist skriflegt leyfi næstu nágranna. Varðandi heitan pott bendir nefndin á að fylgja skal 69. gr. Byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Breytingu á glugga á svalahurð samþykkir nefndin enda berist uppdrættir af breytingunni.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þórður Pálsson
Andrés I. Leifsson
Sigurður Jóhannesson
Ágúst Þór Bragason
Eyjólfur Þórarinsson f.h. byggingarfulltrúa

Ragnar Ingi Tómasson